

Viðauki

við þjónustusamning menntamálaráðuneytis annars vegar og Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hins vegar um verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, dags. 26. janúar 2006 með viðauka, dags. 26. janúar 2007

Viðauki þessi byggir á 4. efnislið 6. töluliðar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagsmálum 17. febrúar 2008.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið greiðir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 100 m.kr. sem renna skulu til skilgreindra verkefna árið 2008, sbr. 2. gr. þessa viðauka.

2. gr.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skal gangast fyrir átaki til að auka gæðavitund fræðsluaðila og kennara í fullorðinsfræðslu með kynningarfundum og námskeiðum um gæðaviðmið FA og nýjungar í kennsluaðferðum. 5 m.kr.

Námsefnisgerð á grundvelli námskráa FA skal efla og mun FA hafa umsjón með styrkjum til námsefnisgerðar. Áherslu skal leggja á svið þar sem mest þörf er talin fyrir nýtt námsefni skv. samráði FA og fræðsluaðila sem og á miðlun námsefnis sem þegar er til fyrir fullorðna. Byggt verði upp vefsvæði í samvinnu FA og menntamálaráðuneytisins með upplýsingum um fyrirliggjandi efni o.fl. tengt fullorðinsfræðslu þar sem hlutverk FA verður að safna efni og meta gæði þess er sett verður á vefinn. 20 m.kr.

Framlög sbr. grein 2 staflíður g í þjónustusamningi menntamálaráðuneytisins við ASÍ og SA frá 26. janúar 2006 vegna vottaðs náms. 45 m.kr.

Fræðsluaðilum (símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Mími - símenntun og fræðslumiðstöðvum iðngreina) skal gefast kostur á að sækja um styrki til raunfærnimats skv. reglum sem menntamálaráðuneyti ákveður og nánari skilyrðum sem FA setur um framkvæmd slíkra verkefna og staðfest verða af menntamálaráðuneytinu. 21 m.kr.

Stoðþjónusta FA verði styrkt vegna nýrra verkefna og aukins umfangs starfsemi. 9 m.kr.

3. gr.

Framlög skv. samningi þessum greiðast mánaðarlega með jöfnum greiðslum frá og með 23. september 2008. Verði talin þörf á flutningi fjármuna milli málaflokka eða á milli ára skal um slíkt samið sérstaklega fyrir árslok 2008.


4. gr.

Viðauki þessi gildir frá 23. september 2008 til 31. desember 2008.

Samningsaðilar munu í tengslum við endurskoðun samnings menntamálaráðuneytis, annars vegar, og ASÍ og SA hins vegar, hefja viðræður um það hvernig þeim fjármunum, sem veitt

verður til fullorðinsfræðslu og símenntunar samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar sl., verður ráðstafað. Miðað er við að framlög vegna þessa verði 200 m.kr. árið 2009 og 300 m.kr. árið 2010. Jafnframt mun, við endurskoðun samningsins, verða litið til áforma um setningu nýrra laga um framhaldsfræðslu.

Reykjavík, 23. september 2008

Fyrir hönd menntamálaráðuneytis


Fyrir hönd Alþýðusambands Íslands



Fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins

